



Haustfundur

18.nóvember 2022

Jarðfræðafélag Íslands, Jarðtæknifélag Íslands, Jarðgangafélag Íslands, Steinsteypufélag Íslands og ISCOLD bjóða til sameiginlegs haustfundar föstudaginn **18.nóvember** 2022 í **Grósku**, Bjargargötu 1 í Vatnsmýrinni.

Boðið verður upp á fjölbreytta og fróðlega dagskrá milli klukkan 9:00 og 16:00, sem endar með léttum veitingum og spjalli frá 16:00 til 18:00.

Þema fundarins verður **mannvirkjajarðfræði** og verða erindi upplýsandi frekar en mjög fræðileg. Um 20 erindi auk veggspjalda verða kynnt.

Félagsmenn eru hvattir til að senda inn veggspjöld og ágrip.

Skráning fer fram á heimasíðu jarðfræðafélag Íslands, jfi.is

- Almennt gjald – 15.000 krónur
- Ellilífeyrisþegar – 5.000 krónur
- Nemendur – 3.000 krónur

Ágrip mega vera að hámarki 2 bls. með myndum. Titill erindis verði með feitletruðu 16 pt. Arial (Helvetica), nöfn höfunda í Arial 14. pt. og stofnana í Arial 10 pt. Megintexti verði í Times New Roman, 12 pt. með einföldu línubili. Athugið að texti ágripa er ekki prófarkalesinn. Augljósar villur eru leiðréttar við uppsetningu og frágang en að öðru leyti er texti ágripanna og framsetning hans á ábyrgð höfunda. Opinbert tungumál ráðstefnunnar er íslenska, en heimilt er að senda og flytja erindi á ensku. Ágrip sendist á Word-formi til Þorsteins Sæmundssonar (steinis@hi.is), fyrir laugardaginn 12.nóvember. Aðeins er tekið við ágripum frá þeim sem eru þátttakendur á ráðstefnunni, en mikilvægt er að skrá sig á heimasíðu félagsins.

ISCOLD

